

ÓNÝTAR BIFREIÐAR

Aðeins er heimilt að afskrá ónýta bifreið ef staðfest er að henni hafi verið skilað til úrvinnslu. Þetta gildir um allar bifreiðar, hvort sem eigandi á rétt á skilagjaldi eða ekki. Færa skal bifreiðina til söfnunarstöðvar þar sem skilavottorð er gefið út og framvísa því með afskráningardeiðni hjá Samgöngustofu eða skoðunrarstöð.

SKILAGJALD AF BIFREIÐUM

Við afskráningu bifreiðar, sem er nýskráð 1980 eða síðar, fær eigandinn 20.000 kr. skilagjald enda hafi hann skilað bifreiðinni til söfnunarstöðvar og greitt úrvinnslugjald af henni a.m.k einu sinni. Úrvinnslugjald er 350 kr. og er innheimt tvísvar á ári samhliða bifreiðagjaldi af bifreiðum skráðum 1980 og síðar. Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímbils eftir að greitt hefur verið úrvinnslugjald af ökutækinu í full 15 ár og fyrir bifreiðar sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs. Það er ekki nóg að leggja inn skráningarmerki til að gjaldið falli niður. Þeir sem eru undanþegnir bifreiðagjaldi greiða 700 kr. úrvinnslugjald einu sinni ári.

Taka þarf tvö skref til að fá skilagjaldið greitt:

SKREF 1

BIFREIÐ SKILAÐ – SKILAVOTTORÐ GEFIÐ ÚT

Eigandi, eða fulltrúi með skriflegt umboð hans, (sjá á vef Úrvinnslusjóðs), skilar bifreið á söfnunarstöð. Leitið upplýsinga hjá viðkomandi sveitarfélagi/ móttökustöð hvert eigi að fara með ökutækið til að farga því. Sá sem skilar bifreið verður að framvísa persónuskilríkjum og skráningarskírteini eða skoðunarvottorði hennar. Ef bifreiðin er búin ökumæli vegna þungaskatts verður eigandi að lesa af mælinum og skila til álestraraðila.

Á söfnunarstöðinni er gefið út skilavottorð til að staðfesta móttöku til úrvinnslu. Skilavottorð fæst ekki gefið út nema a.m.k yfirbyggingu og grind bifreiðar sé skilað og hægt að bera kennsl á hana með verksmiðjunúmeri.